

Nd.

128. Nefndarálit

[32. mál]

um frv. til laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Síldverksmiðjum ríkisins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi ísl. fiskimjòlsverksmiðjueigenda.

Umsagnir ofangreindra aðila voru allar á þá lund að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Guðlaugur Gíslason mun skila séráliti, en meiri hluti nefndarinnar, sem ritar undir nefndarálitid, leggur til, að frumv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

1. Á eftir orðunum „tilnefningu samtaka fiskseljenda“ í 1. mgr. komi: til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna.

2. Á eftir 1. mgr. komi:

Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.

3. 2. og 3. mgr. falli niður, en í stað þeirra komi:

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

Alþingi, 30. nóv. 1972.

Garðar Sigurðsson,
form., frsm.

Jón Skaftason.

Pétur Sigurðsson.

Björn Pálsson.

Karvel Pálmason.

Bragi Sigurjónsson.